

Stjórnarfundur Klifursambands Íslands



Nr. fundar: 39	Dagsetning: 8.10.2025
Tími: 18:00	Staður: Ármúli 21
Fundarstjóri: Laufey	Fundarritari: Guðmundur
Viðstödd: Laufey Rún (framkvæmdastjóri), Birkir Fannar (stjórn), Harpa (stjórn) og Guðmundur (stjórn). Friðrik (stjórn) viðstaddur í gegnum fjarfundarbúnað. Benedikt (formaður stjórnar) var fjarverandi.	

Efni fundar

1. Tillaga að stofnun samstarfsvettvangs um klettklifursvæði á Íslandi

Ísalp eru spennt að taka þátt í þessu, mismunandi milli aðildafélaga hversu vel þau eru búin til að geta sinnt sínu hlutverki í samstarfsvettvangi.

Viðstaddir sammála að gott væri ef útiklifurnefnd hefði sinn fulltrúa í samstarfsvettvangi auk fulltrúa frá KÍ.

Stjórn samþykkir tillögu um stofnun samstarfsvettvang einróma.

Friðrik er tilnefndur sem fulltrúi KÍ í vettvangnum.

Gott væri að boða til fundar í haust, Laufey getur sent út fundarboð.

2. Viðbót KÍ við IFSC reglur

Verið að bæta við reglum varðandi keppnisrétt og gestapáttakendur en slíkar reglur hafa ekki verið í okkar viðbótum við IFSC reglurnar. Reglurnar eru í samræmi við móta og keppnisreglur ÍSí.

Verið að bæta við valkvæðum U13 flokki, flokkurinn er til hjá ÍSí og IFSC.

Breyting á fyrirkomulagi grjótgímumóta. Breytingar til hins betra fyrir mótshaldara og keppendur. Stjórn samþykkir breytingar einróma.

3. Siðareglur - drög

Bíðum með þessi mál, hér þarf að vinna betur í drögunum áður en hægt er að ganga frá málinu. Birkir skoðar fyrir næsta fund.

4. Gera plan um að uppfæra lög KÍ til samþykktar á næsta klifurþingi



Mundi skoðar fyrir næsta fund.

5. Drög að nefndareglum

Friðrik skoðar fyrir næsta fund.

6. Endurnýjun á samningi við ÍF

Laufey upplýsir stjórn um gang mála. Skoðum betur næst.

7. Umræða í nordic hópnum um breytingar á nordic skilmálum fyrir norðurlandamót

Skoðum betur á næsta fundi.

8. Komandi vetur forgangsöröðun mála og hverjir geta tekið að sér hvaða verkefni

Búið að úthluta einhverjum verkefnum en höldum áfram að skoða á næsta fundi.

Önnur mál

Aðstöðumál rædd og þjóðarhöllin.

Mundi fær aðgang að KÍ vefsvæði og sér um að birta fundargerðir þar.

Næsti fundur

Miðvikudagurinn 5. nóvember kl 18:00

Dreifing fundargerðar

Fundargerð birt á vef KÍ

Fundi slitið 19:04

